




FYRIR HÖND kaupstaða landsins var Norræna húsinu afhent í gær listaverk að gjöf. Listaverkið nefnist Stormharpan og er myndvefnaður úr íslenskri ull og hrosshári eftir Ásgerði Búadóttur. Hjalmar Ólafsson bæjarstjóri Kópavogs afhenti gjöfina fyrir hönd kaupstaðanna 13, en frú Else Mía Sig-

Frá afhendingu listaverksins. Á myndinni sjást Ásgerður Búadóttir, Hjalmar Ólafsson og Elsa Mía Sigurðsson. Stormharpan er í baksýn. Ljós. Sv. Þorm.)

Stormharpan

— gjöf kaupstaða landsins til Norræna hússins afhent í gær

urðsson, bókavörður Norræna hússins, tók á móti gjöfinni í forföllum forstjóra hússins, Ivars Eskelands. Stormharp-

unni hefur verið komið fyrir á vegg í fundarsal Norræna hússins.

Við þetta tækifæri flutti

Hjalmar Ólafsson stutt ávarp og gat m.a. að um 60 þús. Íslendingar stæðu að þessari gjöf, en hugmyndin að gjöfinni hefði fæðzt við víslu Norræna hússins árið 1968.

Ásgerður Búadóttir var viðstödd afhendinguna og

sagðist hún hafa verið búin að setja vefinn upp í júlí, en þá hafði hún að fullu gengið frá teikningu að verkinu og valið efni og líti. Lauk Ásgerður verkinu í nóv. sl. Sagði Ásgerður að þetta væri í fyrsta skipti, sem hún ynni að verkefni, sem fyrirfram hefði verið valinn staður á ákveðnum vegg í ákveðnu húsi.

Listaverkið, sem er um það bil 140x160 cm að stærð, kostaði 80 þúsund krónur.

STAKSTEINAR

Bjartara framundan

Bláðið „Íslendingur-Ísafold“ á Akureyri, ræddi nýlega í forystugrein um ástand og horfur í efnahags- og atvinnumálum, og sagði m.a.: „Ánægjulegt er til þess að vita, að flestir horfa nú vonbetri til komandi tíma en um áramótin 1968—69. Fyrir skynsamlega þjóðarforystu og með samstilltu átaki þegnanna horfir nú svo, sem við séum að komast úr þeim öldudal er við vorum í fyrir skemmstu, eftir hið mikla áfall, sem aflabrestur og verðfall útflutningsvarnings olli. Gjaldeyrisskaðan batnaði á fyrstu 11 mánuðum ársins 1969, um tæpar 1500 millj. króna, en hafði versnað á sama tíma árið 1968 um 1100 millj. króna. Viðá má og sjá önnur batamerki í atvinnuvegum okkar og efnahags lífi. Þannig mun söluskattskyld velta í landinu hafa aukist á árinu 1969 um nálægt 23% og með altekjur launþega í landinu hafa hækkað um 13—14%. Þó er því aðeins ástæða til bjartsýni, að farið sé með gát, og atvinnuvegum ekki íþyngt of mikið og of fljótt með of ríkri kröfu-gerð.“

Frá alþjóðaskákmótinu:

Hecht féll á tíma

— gegn Benóný

— Biðskákir tefldar í kvöld

BENÓNÝ Benediktsson kom enn á óvart með getu sinni á alþjóðlega skákmótinu, sem fram fer vestur í Hagaskóla þessa dagana. Að þessu sinni lagði Benóný að velli hinn þekkta vesturþýzka skákmeistara, Hans-Joachim Hecht. Að visu má segja að lanið hafi fremur elt Benóný í 5. umferðinni í fyrirakvöld, því að Þjóðverjinn féll á tíma í mun betri stöðu og tapaði þar með skákinni. Benóný hefur nú náð furðulegum árangri það sem af er mótsins, — jafntefli við tvo stórmeistara — Friðrik og Matulovic og nú sigur gegn við-urkenndum alþjóðameistara.

Önnur úrsit í fimmtu umferð: Matulovic, Júgóslavíu vann Vizantiades, Grikklandi, Jón Kristinsson gerði jafntefli við Amos, Kanada, Björn Þorsteins-son vann nafna sinn Sigurjónsson, Freysteinn Þorbergsson og Jón Torfason gerðu jafntefli. Þá gerðu þeir Ólafur Kristjánsson og Bragi Kristjánsson og jafntefli. Tvær skákir fóru í bið og var skák Guðmundar Sigurjónssonar og Friðriks Ólafssonar önnur þeirra, en sú skák vakti langmesta athygli í fyrirakvöld. Hin biðskákin milli Búlgarans Padewski og Rúmenans Ghitescu.


Eftir 5 umferðir var staðan þessi:

1. Amos	4 vinn.
2. Friðrik	3 (1)
3.-4. Björn Þorst.	3 vinn.
3.-4. Jón Torfason	3 vinn.
5.-6. Matulovic	2½ (2)
5.-6. Padewski	2½ (2)
7.-8. Ghitescu	2½ (1)
7.-8. Guðmundur	2½ (1)
9.-10. Benóný	2½ vinn.
9.-10. Hecht	2½ vinn.
11. Freysteinn	1½ (1)
12.-14. Bragi	1½ vinn.
12.-14. Jón Kristinsson	1½ vinn.
12.-14. Ólafur	1½ vinn.
15.-16. Björn Sigurj.	1 vinn.
15.-16. Vizantiades	1 vinn.

Í kvöld verða tefldar biðskákir og má þar nefna skák Guðmundar og Friðriks, og skák Padewski við Matulovic. Ættu línurnar að vera farnar að skýrast þegar 7. umferðin hefst á morgun.

Staðan í biðskák Guðmundar og Friðriks — sem verður tefld í kvöld: Svartur á leik.

Friðrik



Guðmundur

MAÐUR, rúmlega sjötugur, varð fyrir bifreið á gangbraut yfir Hverfisgötu rétt austan við Rauðarárstíg í gærmorgun kl. 09. Sendibifreið ok þar á manninn, sem kastaðist í götuna.

Maðurinn var fluttur í Slysadeild Borgarspítalans og kom í ljós að hann hafði hlotið mjaðmargrindarbrott og heilahrísting. Ekki taldi rannsóknarmálög-regllan að bifreiðinni, sem ók á manninn, hefði verið ekið óeðlilega hratt.

Vertíðin

Siðan segir „Íslendingur-Ísafold“: „Sjálfsagt hefur verið teflt á tæpasta vaðið í nýgerðum kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, en með þeim er þó tryggð sú ánægjulega staðreynd, að vertíð er þegar hafin um land allt, en lá niðri vegna verkfalla allt fram í miðjan febrúar s.l. ár. Koma vonandi mikil verðmæti á land á næstu vikum, svo að útvegurinn verði fær um að standa undir því kaup, sem um hefur samizt til sjómanna. Ætti vinna við aflann í landi að geta dregið mjög úr atvinnuleysi í sumum landshlutum, en því miður hefur ekki tekizt til fulls að kveða niður draug atvinnuleysisins og verður að beita öllum tiltækum ráðum til að reka hann endanlega af höndum sér. Það takmark verða Íslendingar að setja sér á hinu nýbyrjaða ári.“

Iðnaðurinn á tímamótum

Ög loks segir í forystugrein blaðsins: „Iðnaðurinn stendur nú í ársbyrjun á miklum tímamótum við inngöngu Íslands í EFTA og fær þar bæði gullin tækifæri og mikinn vanda við að glíma. Sjálfir hafa forsvarsmenn iðnaðarins yfirleitt viljað, að þetta örlagaríka spor væri stigið, og ber að fagna því, að afstaða þeirra skuli fremur mótast af dirfsku og áráði en vonleysi og einangrunarhneigi. Er þess að vænta, að íslenskur iðnaður standist samkeppni þá sem framundan er, og geti að verulegu marki komið vöru sinni í verð á erlendum mörkuðum, því að einmitt í iðnaðinum verður vaxandi fólksfjöldi á Íslandi að leita sér lífsviðurværis.“



KARNABÆR

TÍZKUVERZLUN UNGA

FÓLKISINS TÝSGÖTU 1 — 12330.

OG NÝJU VÖRURNAR HALDA ÁFRAM AÐ STREYMA INN !!

Í herradeild nýkomið:


- ★ ÚRVAL AF STÖKUM BUXUM TERYLENE OG ULL.
- ★ FÖT Í MIKLU ÚRVALI
- ★ SÍÐERMA ST. MARRIOT BOLIR
- ★ BINDI — KLÚTAR SETT
- ★ ÞYKKAR VETRARPEYSUR

Í dömudeild nýkomið:

- ★ SÍÐAR PEYSUR
- ★ SÍÐAR KÁPUR OG KJÓLAR
- ★ ST. MARRIOT BOLIR O. FL.



SÍÐAR KÁPUR ÚR ÞUNNUM OG ÞYKKUM EFNUM — NÝ SENDING.



SÍÐIR KJÓLAR — BUXNADRESS STUTTIR KJÓLAR NÝ SENDING.

Morgunblaðið

Stærsta og útbreiddasta dagblaðið

Morgunblaðið

Beztu auglýsingablaðið